

## Skólaráðsfundur 13.september 2017

Mættir: Katrín Björk, Þórunn, Freyja, Júlíana, Rósa María, Kristín, Eva Brá, Bryndís og Þrúður

1. Bréf til skólaráðs frá Menntamálaráðuneyti vegna máls: MMR15020257/6.14.2  
– þar sem óskað er eftir svörum um umbætur í kjölfar úttektar á Krikaskóla 2015. Þrúður kynnti svar skólans til ráðuneytis dag. 28.ágúst 2017.
  2. Áætlanir skólaársins 2017-2018  
- endurskoðun árgangahluta námskrár, Þrúður fór yfir fyrstu skref í því og áætlanir um samvinnu milli skóla. Ársskýrsla fræðsluskrifstofu 2016-2017 kynnt.
  3. Starfsmannahald: - gengur vel og mikill mannauður í skólanum.  
– Rætt um vanda í lok dags (16:00-17:00) en erfiðlega gengur að fá síðdegisfólk almennt í skólastarf.
  4. Heilsugæslan: - rætt um aðkomu sjúkraliða með skólaheilsugæslu grunnskólabarna. – Jórunn hjúkrunarfræðingur mun áfram taka þroskamat leikskólabarna í Krikaskóla. Þrúður hefur óskað eftir fundi til að ræða þessi mál beint við Heilsugæsluna.
5. Ábending um skriftarkennslu skólans frá stjórn foreldrafélagsins. Málið var rætt út frá áherslum um innihald náms og hugmyndafræði skóland.
6. Hrós til skóland um upplýsingagjöf til foreldra frá liðinni viku. Sérlega gott sé að fá slíkar ábendingar.
7. Hrós varðandi nýtt fyrirkomulag við val í frístundarstarfi skóland. Málið rætt.
8. Rætt var um þjónustuhlutverk Krikaskóla og tímamann á milli 14:00-15:00 hjá 3. Og 4.bekk. Umræða um samþættingu leik- og grunnskóla og grunnskóla-og frístundarstarf. 200 daga skólaárið var einnig rætt og áhrif þess á skólastarf og fjölskyldur.
9. Þórunn þakkað fyrir sín ár í skólaráði og nýir fulltrúar foreldra eru: Freyju Leópoldsdóttir sem heldur áfram og Katrín Björk Baldvinsdóttir og Júlíana Þórðardóttir sem bætist við.  
Nýir fulltrúar kennara og starfsmanna bætast við eftir kennarafund 20.september 2017.

Fundi slitið kl:09:05

Þrúður Hjelm